

## REGLUGERÐ

um ráðstöfun á 600 millj. króna úr gengismunarsjóði 1974 til að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa, sbr. a-lið 9. gr.

l. nr. 106/1974.

### 1. gr.

Styrkfjárhæðir skulu vera 6.0% ógreiddra og ógjaldfallinna höfuðstólseftirstöðva erlendra skulda hinn 22. ágúst 1974 reiknað á sölugengi 2. september 1974.

### 2. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausán reikning hjá Fiskveiðasjóði Íslands fyrir hvert skip, sem skuldar erlent lán. Heimilt er Fiskveiðasjóði að halda sérstakan reikning yfir þá styrkfjárhæð, sem tilheyrir hverju erlendu láni fyrir sig.

### 3. gr.

Er fiskveiðasjóði berst fé úr gengismunarsjóði skal hann tekjufæra hina nýju reikninga samkvæmt ákvæðum 1. gr. Reikningana skal tekjufæra í þeirri röð og þeim mæli, sem áætlað er að gjaldfæra þurfi reikningana samkvæmt reglum þessum. Heimilt er Fiskveiðasjóði að geyma á hverjum tíma nokkurn hluta fjár þess, er honum hefur borist úr gengismunarsjóði án þess að tekjufæra sérstaka reikninga fyrir fénu, enda getur sjóðurinn þá tekjufært slíkt fé þegar skyndilega þarf að gjaldfæra reikning af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

### 4. gr.

Sú fjárhæð sem kemur í hlut hvers skips verður notuð til aðstoðar útgerðum við greiðslu vaxta og afborgana þeirra lána, er styrkinnir tilheyra, á þriggja ára tímabili, frá og með 22. ágúst 1974 til og með 21. ágúst 1977, svo og til greiðslu á þeim hluta eigin framlags vegna skipakaupa erlendis, sem var umsamin en ógreiddur hinn 22. ágúst 1974. Útborgun styrks fer fram á gjalddögum hinna erlendu skulda í sem jöfnustum greiðslum á fyrrgreindu þriggja ára tímabili. Ef erlent lán fellur að öllu leyti í gjalddaga fyrir 21. ágúst 1977, fer útborgun styrks fram í sem jöfnustum greiðslum á eftirstöðvum lánstímans.

### 5. gr.

Réttur til styrks samkvæmt reglum þessum fylgir því erlendu láni, sem hann er veittur út á, og nýtur því skuldari lánsins hverju sinni styrksins, þótt skuldskeyting eigi sér stað einu sinni eða oftar fyrir 21. ágúst 1977.

### 6. gr.

Verði inneign á reikningi, þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær misserisgreiðslur, er heimilt að greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar.

**7. gr.**

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslu-reikning Fiskveiðasjóðs, sbr. 3. gr.

**8. gr.**

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt, skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu lána, ellegar greiða skipeiganda fjárhæðina.

**9. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 106/1974 til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. október 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Gylfi Þórðarson.*

14. október 1975.

Nr. 455.

## REGLUGERÐ

um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni  
nr. 85/1968.

### Upphafsaákvæði.

**1. gr.**

Eftirlit með framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni annast eftirtaldir aðilar:

- Lyfjaeftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 70/1971, um breyting á lyfsöslulögum nr. 30 29. apríl 1963, sbr. einnig ákvæði reglugerðar um lyfjaeftirlit ríkisins nr. 412/1973.
- Heilbrigðiseftirlit ríkisins, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, sbr. einnig heilbrigðisreglugerð frá 8. febrúar 1972.
- Öryggiseftirlit ríkisins, sbr. lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952.
- Eiturefnanefnd, svo sem kveðið er á í lögum um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum settum samkvæmt ákvæðum laga þessara.
- Lögreglustjórar og embættislæknar, hver á sínum stað.
- Samstarfsnefnd lyfjaeftirlits ríkisins, Heilbrigðiseftirlits ríkisins, eiturefnanefndar og Öryggiseftirlits ríkisins um verkaskiptingu í takmarkatilfellum og til samræmingar aðgerða. Ráðuneytið skipar fimmta mann slíkrar samstarfsnefndar og er hann jafnframt formaður hennar.
- Aðrir, er tilnefndir kunna að verða, sbr. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg nr. 85/1968.

### Lyfjaeftirlit ríkisins.

**2. gr.**

Lyfjaeftirlit ríkisins annast eftirlit með verslunum, sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/